



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 10/2017

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna markaðsáættu

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

REGLUR um tæknilega staðla vegna markaðsáhhættu.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna markaðsáhhættu í samræmi við 56. og 58. gr. reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr. *Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna markaðsáhhættu.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárkröfur vegna markaðsáhhættu skal, eftir því sem við á, fylgja ákvæðum reglugerða Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 525/2014, 526/2014, 528/2014, 530/2014, 945/2014 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Fjármálafyrirtæki skal draga frá eiginfjárgrunni og veltubók upphæðir samkvæmt varfærnismati á eignum og skuldum metnum á gangvirði, sem mælt er fyrir um í um reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101.

3. gr. *Birting tæknilegra staðla.*

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 525/2014 frá 12. mars 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi skilgreiningu á markaði, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
2. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 526/2014 frá 12. mars 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða staðgengilsálag og hvað telst til takmarkaðra smærri safna í tengslum við áhhættu vegna aðlögunar á útlánvirði, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
3. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 frá 12. mars 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi aðra áhhættu en delta-áhhættu vegna valréttarsamninga við útreikning á markaðsáhhættu samkvæmt staðalaðferð, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
4. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 530/2014 frá 12. mars 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla sem skilgreina umfang verulegra áhhættuskuldbindinga og þröskulda vegna innri aðferða við útreikninga á sértækri áhhættu í veltubók, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
5. Framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 frá 4. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi afmörkun á nægjanlega dreifðum vísitölum, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
6. Framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi fylgni tiltekinnna gjaldmiðla sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
7. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 frá 26. október

2015 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi varfærnimat á grundvelli 14. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 525/2014, 526/2014, 528/2014, 530/2014, 945/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 og 2016/101 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1478775298070&uri=CELEX:32014R0525>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 148, þann 20. maí 2014, bls. 15-16;
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1478775603001&uri=CELEX:32014R0526>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 148, þann 20. maí 2014, bls. 17-20;
3. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1478775634541&uri=CELEX:32014R0528>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 148, þann 20. maí 2014, bls. 29-35;
4. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1468927443947&uri=CELEX:32014R0530>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 148, þann 20. maí 2014, bls. 50-51;
5. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1478775697503&uri=CELEX:32014R0945>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 265, þann 5. september 2014, bls. 3-6;
6. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1478775762037&uri=CELEX:32015R2197>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 313, þann 28. nóvember 2015, bls. 30-34; og
7. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1498846208798&uri=CELEX:32016R0101>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 21, þann 28. janúar 2016, bls. 54-65.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í c – lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.